

**Ed.**

**160. Nefndarálit**

[101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið fjallar um það að gera ráðstafanir til þess, að kaupgreiðsluvisitalan geti til 31. ágúst 1971 verið hin sama og hún var 1. september s. l. eða 4.21%.

Til þess þarf tvennt:

1. Að koma í veg fyrir verðhækkanir frá gildistöku degi laganna og út tímabilið.
2. Að „eyða“ þeim hækkunum, sem orðið hafa, frá því að kaupgreiðsluvisitala var síðast reiknuð.

Ekki verður sagt, að frumvarpið brjóti upp á nýjum aðferðum að marki, þær eru flestar gamalkunnar og eiga stoð í gildandi lögum. Þannig hefur verðlagsnefnd þegar notað heimild í lögum nr. 54 frá 1960 til að banna verðhækkanir á þeim vettvangi, sem þessi lög taka til.

Enn fremur er ráðgert að nota heimild í 28. grein laga nr. 4 frá 1960 til að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu í ríkara mæli en gert hefur verið nú um skeið.

Þá eru fjölskyldubætur þrautreynt tæki til þess að hafa áhrif á vísitöluna, enda ódýrasta aðferð, sem völ er á í því skyni. Nú er ráðgert að hækka þessar bætur upp í 8000 krónur með hverju barni innan 16 ára. Þegar gildandi lög um fjölskyldubætur voru sett árið 1963, voru bæturnar ákveðnar 3000 kr. Til þess að þær haldi verðgildi sínu miðað við verðhækkanir þyrftu þær nú að vera 7500 kr., þannig að hér er litlu lengra gengið en að bæta upp þá rýrnun, sem á þessum tekjum barnmargra heimila hefur orðið. Sé hins vegar borið saman bótafjárhæðin 1960 og verðlagsbreytingar síðan, kemur í ljós, að fjölskyldubætur þyrftu nú að vera 9100 kr. til að halda í horfinu.

Nýmæli frumvarpsins eru hins vegar þrjú:

- a) Launaskattur.
- b) Breyting á vísitölugrundvelli.
- c) Niðurfelling tveggja vísitölustiga.

Um a: Út af fyrir sig er sjálfsagt ekkert athugavert við það, að vinnuveitendur láti eitthvað á móti, þegar vísitölugreiðslum að upphæð um 1000 millj. kr., sem þeir hafa samið um að greiða launþegum, er af þeim létt.

Hins vegar getum við undirritaðir ekki fallið á að samþykkja nú sérstakan launaskatt. Ástæður eru þær, að við viðurkennum ekki þörf nýrrar skattlagningar, fyrr en til fulls hefur verið könnuð greiðslugeta ríkissjóðs á næsta ári, „eyrnamarkaðir“ skattar eru þegar orðnir allt of margir, launaskattur er í mörgum tilfellum óheppileg tekjuöflunarleið, sem kemur mjög illa við þá, sem hafa tekjur af útseldri vinnu, og fleira má að honum finna, t. d. það, sem L. Í. Ú. hefur ritað Alþingi um, þ. e. greiðslu skattsins af aflahlut sjómanna.

Á sérstöku þingskjali leggjum við því til, að ákvæði 2. gr. frumvarpsins verði felld.

Um b: Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er ákveðið, að við útreikning kaupgreiðslu-vísitölu skuli eigi taka tillit til verðhækkana á tveim liðum, sem nú eru í vísitölugrundvellinginum, þ. e. iðgjaldi til almannatrygginga og útsöluverði áfengis og tóbaks.

Enn fremur er í greininni ráðgert að fresta útreikningi kaupgjaldsvísitölu um einn mánuð frá því, sem nú er ákveðið, og taka við útreikning tillit til verðbreytinga, sem verða eftir á.

Undirritaðir telja hér um fráleit ákvæði að ræða, sem ekki komi til mála að samþykkja. Vísitölugrundvöllurinn er mælitæki, sem á að tryggja launþegum það, að verðlagsuppbótin samsvari framfærslukostnaðinum á hverjum tíma, og kjarasamningarnir frá 19. júní s. l. og síðar voru gerðir í trausti þess, að fyrir hverja verðhækkun, sem grundvöllurinn tók til, kæmi full verðlagsuppbót.

Einhliða breyting þessa jafngildir því breytingu þessara samningsákvæða, enda hefur komið fram, að stærstu launþegasamtök landsins líta þessi ákvæði mjög alvarlegum augum.

Leggjum við því til, að 4. gr. frv. verði felld.

Um c: Þriðja nýmæli laganna lýtur að því, að ekki skuli koma til útborgunar 2 vísitölustig, þ. e. að launþegar skuli taka þeirri kjaraskerðingu án þess, að neitt komi í staðinn.

Þetta ákvæði frumvarpsins hefur mestum deilum valdið, og m. a. hefur miðstjórn A.S.Í. lýst þeirri skoðun, að grundvelli kjarasamninganna sé kippt brott og þeir úr gildi fallnir hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, verði þessi frumvarpsákvæði, svo og þau, er um getur í b-lið, lögfest.

Nú hefur ríkisstjórnin hopað nokkuð í þessu máli á þann hátt að lofast til að greiða niður hin umræddu vísitölustig á tímabilinu frá 1. desember 1970 til 1. marz 1971 og fresta á þann hátt hinni beinu kjaraskerðingu, sem hér um ræðir.

Engu að síður er til þess ætlazt, að ákvæði greinarinnar verði lögfest óbreytt.

Við undirritaðir teljum, að ekki komi til greina að lögfesta ákvæði sem þau, er hér um ræðir, gegn jafneindregnum mótmælum launþegasamtakanna og fram hafa komið, enda mundi af því leiða erfiðleika á vinnumarkaði, sem fráleitt væri að Alþingi ætti hlut að því að skapa.

Tillaga okkar er því sú, að 5. grein frv. verði felld.

Samkvæmt þessu munum við flytja á öðru þingskjali breytingartillögur um, að 2., 4. og 5. grein frv. falli niður. Ef þær breytingartillögur verða samþykktar, munum við greiða atkvæði með frv., en að öðrum kosti á móti því í samræmi við það, sem áður er rakið.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Einar Ágústsson,  
frsm.

Bjarni Guðbjörnsson.